



Akureyri, 10. janúar 2020.

Varðar: Umsögn um þingsályktunartillögu til samgönguáætlunar 2020-2024.

Uppbygging Akureyrarflugvallar er eitt mikilvægasta verkefnið í uppbyggingu samgöngumannvirkja á Norðurlandi, ef ekki fyrir landsbyggðina alla. Akureyrarflugvöllur getur sinnt því hlutverki að verða önnur gátt inn í landið, þannig að byggja megi upp arðbærri ferðaþjónustu sérstaklega á landsbyggðinni. Segja má að Akureyrarflugvöllur geti verið stóriðja fyrir Akureyri og nágrenni.

Akureyrarþéttvangur fagnar framkomnu samkomulagi samgönguráðherra og ferðamálaráðherra um uppbyggingu á Akureyrarflugvelli sem skrifað var undir í lok síðasta árs en þar segir:

„Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra lýsa yfir vilja sínum til frekari uppbyggingar á Akureyrarflugvelli sem hliði inn til landsins í þágu svæðisins og íslenskrar ferðaþjónustu.

Góðar aðstæður eru til uppbyggingar á fluggátt til landsins á Akureyrarflugvelli og töluverð reynsla komin á hana. Því hefur verið unnið að því að efla Akureyrarflugvöll fyrir millilandaflug, fyrst með lengingu flugbrautarinnar og síðan með uppsetningu á blindaðflugsbúnaði (ILS). Samhliða hefur verið unnið að því um árábil að markaðssetja Norðurland og um leið að styðja við uppbyggingu nýrra flugleiða, m.a. með aðkomu flugþróunarsjóðs.

Verkefnum verði forgangsraðað m.t.t. öryggissjónarmiða og tækifæra í ferðaþjónustu. Í flugstefnu kemur fram að stutt verði við uppbyggingu Akureyrar- og Egilstaðaflugvalla sem alþjóðlegra fluggátta. Því verður stefnt að uppbyggingu Akureyrarflugvallar sem gáttar inn í landið með stækkun og endurbótum á flugstöðinni í samræmi við þarfir ferðaþjónustunnar.

Með hliðsjón af áætlunum og árangri af markaðssetningu Norðurlands sem áfangastaðar fyrir erlendra ferðamenn og spám um þróun á því sviði verði lagt mat á þörf fyrir aðstöðu og þjónustu í flugstöð á Akureyrarflugvelli. Aðgerðahópi skipaður fulltrúum ráðuneytanna tveggja, Akureyrarþéttvangur, Eyþings, ferðaþjónustunnar á Norðurlandi og Isavia verði falið að:

- a. Gera tillögu um endurbætur á flugstöðinni til næstu framtíðar í samræmi við hugmyndir Isavia um stækkun og endurbætur á núverandi aðstöðu í samræmi við þarfir.
- b. Taka saman upplýsingar um áform og markaðssetningu ferðaþjónustunnar á Norðurlandi einkum þá sem nýtist við að markaðssetja Norðurland sem áfangastað með flugi. Taka saman upplýsingar um áfangastaði, fjölda og dreifingu ferðamanna eftir árstíðum.
- c. Stilla upp kostnaðargreindum sviðsmyndum um stækkun og endurbætur mannvirkja og þjónustu í samræmi við niðurstöður samkvæmt b-lið.

d. *Ljúka störfum fyrir 31. mars 2020.*“

Akureyrarbær leggur ríka áherslu á að hugsað verði til framtíðar við þessa vinnu en ekki farið í lausnir sem munu aðeins leysa tímabundinn vanda og að fjármagn verði tryggt í samgönguáætlun til uppbyggingar.

Þá leggur Akureyrarbær áherslu á að samhliða uppbyggingu flugstöðvar þarf að huga að uppbyggingu flughlaðs, sem er afar mikilvægt til þess að flugvöllurinn geti gengt hlutverki sínu sem varaflugvöllur. Þá hefur á Akureyri byggst upp fjölbreytt flugtengd starfsemi sem er orðin mjög aðþrengd og nauðsynlegt að flughlað verði klárað hið fyrsta svo að eðlileg uppbygging geti átt sér stað.

Akureyrarbær bendir einnig á mikilvægi þess að fyrir hendi sé gervihnattaleiðsaga af bestu gerð fyrir öruggar flugsamgöngur. Staðan hér er sú að aðgangur að EGNOS leiðsögu er ótryggur og takmarkaður. Stjórnvöld þurfa að bæta úr þeim ágöllum og semja um örugga útbreiðslu merkjanna um allt land. Marka þarf skýra stefnu í samgönguáætlun sem heimilar ráðuneytum, Samgöngustofu og Isavia að raungera þau markmið. Fyrirséð er að EGNOS mun gegna lykilhlutverki fyrir frekari úrbætur á aðflugi úr suðri, sem bæta mun aðgengi að Akureyrarflugvelli enn frekar.

Að öðru leyti gerir Akureyrarbær athugasemd við lítið fjármagn til flugvalla í landinu í drögum að samgönguáætlun. Mikilvægt er að innanlandsflugið um allt land verði eflt með afgerandi hætti og þá verði allar hliðar skoðaðar í því sambandi. Það er lykilatriði í byggðapróun í landinu. Þá leggur Akureyrarbær áherslu á að hin svokallaða „skoska leið“ verði komið á sem fyrst.

Akureyrarbær gerir athugasemdir við að ekki sé gert ráð fyrir frekara fjármagni til endurbyggingar á Þjóðvegi 1 og að stytta vegalengda milli Suður- og Norðurlands. Ljóst er að ástand Þjóðvegur 1 milli Norður- og Suðurlands er víða stórhættulegt. Vegurinn er víða allt of mjór og umferðaröryggi því ekki tryggt. Löngu er kominn tími til að gera gangskör í viðhaldi Þjóðvegur um Norðurland enda er umferðarþungi á þessari leið mjög mikill, sérstaklega á ljósi mikillar fjölgunar ferðamanna. Ekki síður þarf að huga að umferðaröryggi, merkingum og vegriðum til þessa að auka öryggi vegfarenda.

Þá er mikilvægt að hugað verði að styttingu vegalengda vegna umhverfissjónarmiða og byggðapróunar.

Akureyrarbær hvetur ríkið til þess að styrkja ferjusamgöngur milli Hríseyjar og Grímseyjar og lands enn frekar og leggja af fargjöld og skoða möguleika á rafdrifinni ferju (hybrid) til Hríseyjar. Það yrði mikil búbot fyrir íbúa sem margir hverjir sækja vinnu upp á fasta landið. Enn fremur yrði það góð leið til þess að styrkja ferðapjónustu í eyjunum.

Akureyrarbær hvetur þingmenn til þess að tryggja í samgönguáætlun fjármagn til rannsókna á jarðgangnakostum milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar.

Akureyrarbær hvetur til þess að framkvæmdum við Sundabraut og tvöföldun Hvalfjarðargangna verði flýtt og að unnið verði að mikilvægum endurbótum á Vesturlandsvegi, s.s tvöföldun hans upp í Borgarnes.

Akureyrarbær fagnar framlögum til Hafnasamlags Norðurlands til framkvæmda við Torfunefsbyggju en sú framkvæmd verður mikil bót fyrir smærri farþegaskip sem koma til hafnar á Akureyri.

Að öðru leyti gerir Akureyrarbær ekki athugasemd við framkomin drög að Samgönguáætlun.



Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri